

Nefndasvið Alþingis
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
b/t Unnar Kristínar Sveinbjarnardóttur
nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2010.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, með síðari breytingum. (468. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér breytingu á reglum um skerðingu vegna tilfærslna aflaheimilda.

Þau sjónarmið er liggja að baki framlögðu frumvarpi er jafnræði meðal útgerðarmanna. Höfundar frumvarpsins vísa til þess að núverandi fyrirkomulag skerðingar vegna tilfærslna aflaheimilda valdi mismunun meðal útgerðarmanna. Veruleg hlutfallsskerðing verður hjá þeim sem eiga aflaheimildir sem eru til úthlutunar vegna jöfnunaraðgerða, ívilnana og uppbóta en engrar skerðingar gætir hjá öðrum sem hafa aflamark í öðrum tegundum.

Framlagt frumvarp leggur til að skerðing vegna tilfærslna aflaheimilda sé gerð á grundvelli heildar úthlutaðra þorskígilda en ekki á grundvelli úthlutana í þeim fjórum fisktegundum eins og nú er miðað við. Samanlögð heildarúthlutun allra er því umreiknuð í þorskígildi og skerðing gerð samkvæmt hlutdeild hjá öllum, óháð tegund sem úthlutað er. Svo fer raunskerðing hjá hverjum og einum fram í þeirri tegund sem hverjum er úthlutað samkvæmt aflamarki, þ.e. skerðing er miðuð við þorskígildi en skilað inn til skerðingar í þeim fjórum tegundum sem eru til útdeilingar, umreiknað er í þorskígildi til að gæta jafnræðis meðal veiðimanna. Þeir sem stunda veiðar á öðrum tegundum en er úthlutað eða þeir sem hafa ekki nægar heimildir til að mæta skerðingu er svo gert að verða sér út um slíkar heimildir til að mæta hlutfallslegri skerðingu. Þau sjónarmið sem eru að baki skerðingu eru tilfærsla og jöfnunaraðgerðir eða uppbótaaðgerðir í þágu byggða, eðlilegt er því að skerðing sé gerð á sama jafnræðisgrundvelli og komi því til skerðingar hjá öllum þeim sem heimildir hafa til veiða en ekki aðeins þeirra sem eru innan tiltekinnna tegunda.

Það verður þó að gera athugasemd við frumvarpið þegar kemur að þeim sem verða fyrir skerðingu án þess þó að eiga aflaheimildir innan kerfisins. Þessir aðilar verða þá, samkvæmt tillögum frumvarpsins, að verða sér út um heimildir til að mæta þeirri skerðingu, t.d. með kaupum, leigu á heimildum eða tilfærslu milli skipa útgerðar. Hefur þetta í för með sér beinan kostnað fyrir þá sem fyrir slíkri skerðingu verða án þess þó að eiga heimildir og er því skerðing þeirra orðinn raunkostnaður en ekki lengur aðeins skerðing á áætluðum tekjum. Ekki verður tekið undir það að með þessu fyrirkomulagi sé gætt meðalhófs í aðgerðum. Verði aðilar ekki við slíkri öflun heimilda til skerðingar missa þeir leyfi til veiða í atvinnuskyni þar til bætt hefur verið úr. Getur þetta lagst þungt á einstakar útgerðir sem eru utan þessara tilteknu tegunda. Það er ekki heldur hægt að taka undir þau rök höfunda frumvarpsins sem góð og gild að þetta komi ekki niður á

útgerðum þar sem flestir sem veiða utan þessara tiltekinna fjögurra tegunda séu hluti af stærri úterð sem geta fært heimildir á milli skipa til að mæta skerðingu.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga að teknu tilliti til framangreindra athugasemda

Virðingarfyllst,



Þórdís Bjarnadóttir
Lögfræðingur
Viðskiptaráð Íslands